

# Sértæk ráðgjöf til fjölskyldna fatlaðra barna

Markmið félagsþjónustu sveitarfélaganna er meðal annars að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og er meginverkefni ráðgjafarþroskaþjálfna að efla og styðja foreldra vegna barna þeirra með fötlun.

Við staðfestingu á frávikum í þroska barns sem leitt getur til fötlunar, er mikilvægt að bregðast við með þjónustu fyrir fjölskylduna, óski hún þess. Félagspjónustan annast ráðgjöf og stuðning við fjölskyldur og gætir velferðar og hagsmuna þeirra. Þjónusta ráðgjafarþroskaþjálfna félagsþjónustunnar er sértæk að því leiti að hún veitir einnig þjónustu á heimili fjölskyldunnar. Þjónustan nær til fjölskyldna barna yngri en 18 ára og til eftirfarandi þátta, eftir óskum foreldranna:

Veitir upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi og þjónustu.

Veitir ráðgjöf við val á viðurkenndum leiðum til að auka og efla færni barna með fötlun.

Er þátttakandi í þjónustuteymi barnsins og er foreldrunum til stuðnings í teymisstarfi.

Veitir fjölskyldum barna með fötlun ráðgjöf um íhlutunarleiðir, uppeldi og þjálfun barnanna á heimili þeirra.

Veitir snemmtæka íhlutun og þjálfun til ungra barna á heimili þeirra.

Á samstarf við sérfræðinga svo sem Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Barna- og unglingsgeðdeildar, Heilsugæslunnar, Landspítala háskólasjúkrahús, aðra ráðgjafa félagapjónustunnar, sérfræðiþjónustu sveitarfélaganna, leik- og grunnskóla ofl. vegna barnsins.

Veitir ungmennum og foreldrum þeirra ráðgjöf varðandi athafnir daglegs lífs, félagsþátttöku, skóla- og/eða

atvinnuþátttöku, sumarúrræði ofl.

Veitir fræðslu til aðstandenda, tengslastofnanna og samstarfsfólks um fatlanir, íhlutunarleiðir og aðstæður barna og ungmenna með fötlun og fjölskyldna þeirra.

### **Sértæk ráðgjöf heim**

Ráðgjöf þroskaþjálfara til foreldra á heimili þeirra miðast við þarfir barna með fötlun fyrir umönnun og þjálfun og að gera foreldrum kleift að nýta sértækar íhlutunarleiðir við uppeldi og umönnun barna sinna. Lögð er áhersla á að ráð og leiðbeiningar falli að aðstæðum fjölskyldunnar og hafi velferð hennar í huga. Ráðgjöfin beinist helst að daglegum athöfnum fjölskyldunnar m.t.t þarfa barnanna, samræmingu vinnubragða milli skóla og heimilis, leiðbeininga vegna hegðunar barnanna og samskipti þeirra, fræðsla og val á íhlutunarleiðum, forgangsröðun á þjálfun/kennslu barnanna m.t.t þarfa þeirra og fjölskyldunnar, fræðsla um fatlanir fyrir foreldra og aðra nákomna börnunum, greining á þörf fyrir þjónustu og frekari ráðgjöf sérfræðinga t.d iðju- og/eða sjúkraþjálfara, einhverfu- og/eða atferlisráðgjafa. Hugur að líðan foreldra og systkina og aðstoðar fjölskylduna við að leita ráða vegna þess.

### **Snemmtæk íhlutun**

Ráðgjöf þroskaþjálfara og þjálfun heim til ungra barna byggir á hugmyndum snemmtækrar íhlutunar sem leggur áherslu á markvissar aðgerðir til að hafa sem mest áhrif á þroskaframvindu barns eins snemma á lífsleiðinni og unnt er. Í samstarfi við foreldra og greiningaraðila er unnið að mati á stöðu barnsins og markmiðum þjálfunar. Þjálfun fer fram á heimili barnsins, þar til leikskólaganga hefst.

Umsókn um sértæka ráðgjöf er send til félagsþjónustunnar í heimabyggð barnsins, á þar til gerðu [eyðublaði](#) sem einnig er að finna á heimasíðu viðkomandi félagsþjónustu:

Velferðarþjónusta Árnesþings

Hveragerði. [www.hveragerdi.is](http://www.hveragerdi.is)

Þorlákshöfn. [www.olfus.is](http://www.olfus.is)

Laugarás. [www.laugaras.is](http://www.laugaras.is)

Félagsþjónustan í Árborg, Selfossi. [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

[Félagsþjónusta](#) Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu,  
Hvolsvelli. [www.felagsmal.is](http://www.felagsmal.is)

Sigríður

Elín

Leifsdóttir,

ráðgjafarþroskaþjálfari

Halla Steinunn

Hinriksdóttir, ráðgjafarþroskaþjálfari

þjónustusvæði

Suðurlands.

Félagsþjónusta Árborga

[sigridurelin@arborg.is](mailto:sigridurelin@arborg.is)

Sími

480-1900

[hallast@arborg.is](mailto:hallast@arborg.is)

Sími

480-1900

[Umsókn um sértæka ráðgjöf til foreldra barna með fötlun](#)